



### **Dr. oeconomicus honoris causa 1946**

Þorsteinn Þorsteinsson (1880-1979) fæddist á Brú í Biskupstungnahr., Árn., sonur hjónanna Þorsteins Narfasonar bóndi á Brú og Sigrúnar Þorsteinsdóttur.

Þorsteinn lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1902. Cand . Polit. Námi lauk hann frá Hafnarháskóla 1908.

Árið 1908 gerðist Þorsteinn starfsmaður í atvinnu- og samgöngumáladeild Stjórnarráðs Íslands en fluttist árið 1909 í fjármáladeild þess þar vann hann aðallega að hagskýrslugerð.

Hann var skipaður forstöðumaður Hagstofu Íslands (hagstofustjóri) frá stofnun hennar 1. Janúar 1914 og gegndi því starfi til 1950. Hann var stundakennari við Verzlunarskóla Íslands í hagfræði 1916-1929 og prófdómari í hagfræðigreinum við Háskóla Íslands frá 1941. Hann átti sæti í fjölmörgum nefndum og stjórnnum félaga. Hann var t.d. í landskjörstjórn 1916, 1926 og 1934–1953, í verðlagsnefnd 1917, ritari sambandslaganefndar 1918 og formaður landbúnaðarvísitölunefndar 1943. Þorsteinn var í stjórn Vísindafélags Íslendinga 1921 og 1931–1935, í stjórn Sögufélags 1920–1960 og í fulltrúaráði Hins íslenska bókmenntafélags 1935–1960. Þá var hann einn af stofnendum Félags hagfræðinga og fyrsti formaður þess.

Þorsteinn hlaut ýmsar viðurkenningar, hann var félagi í Vísindafélagi Íslendinga 1919. Heiðursdoktor, dr. oecon. h. c. frá laga- og viðskiptafræðideild Háskóla Íslands 26. okt. 1946. Heiðursfélagi Hagfræðingafélags Íslands, Sambands íslenskra esperantista og Hins ísl. Bókmenntafélags.

Ritstörf Þorsteins eru meðal annars kennslubók í Esperanto (Rvík 1909), Island under og efter Verdenskrig (Kbh. 1928). Hann ritstýrði m.m. Hagskýrslum Ísland og öðrum ritum Hagstofunnar frá stofnun hennar 1914-1950.

Maki Þorsteins var Guðrún Geirsdóttir Zoëga (1915-1955), húsfreyja og skriftarkennari.